

- 8 3. Vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra í því umdæmi þar sem benzínið hefur  
16. jan. verið notað, um að notkunin hafi farið þar fram og hve langan tíma af endur-  
greiðsluárinu, sbr. 2. gr.  
Ef vísitandi rangar skýrslur eru í endurgreiðslubeiðnum eða vottorðum, fer  
um það eftir 145. gr. hinna almennu hegningarlaga.

## 4. gr.

Endurgreiðslubeiðnir má senda til fjármálaráðuneytisins. Utan Reykjavíkur  
má og senda lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem umsækjandi býr, og afgreiðir  
lögreglustjóri þær síðan til fjármálaráðuneytisins, en það sendir honum svo endur-  
greiðsluna til útborgunar þeim, sem í hlut á.

Ef umsækjandi óskar eftir að endurgreiðslufjárhæðin sé hans vegna greidd  
öðrum en honum sjálfum ber honum í endurgreiðslubeiðni sinni að tilgreina nafn  
og heimili manns þess eða stofnunar, sem á að taka við endurgreiðslufjárhæðinni,  
svo greinilega, að ekki verði um villt.

Erindi um endurgreiðslur á innflutningsgjaldi af benzíni fyrir undanfarið  
endurgreiðsluár skulu vera komin til hlutaðeigandi lögreglustjóra fyrir 15. febrúar  
ár hvert. Öll slík erindi skulu hafa borizt fjármálaráðuneytinu í síðasta lagi 15.  
marz ár hvert.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 68 25. maí 1949 og öðlast þegar  
gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 16. janúar 1951.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Kristján Thorlacius.*

## 9

19. jan.

## AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Sauðárkrók,  
nr. 67 14. maí 1949.

## 1. gr.

Síðasti málsliður c-liðs 29. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:  
Innlend strandferðaskip, sem sigla eftir fyrir fram auglýstri áætlun, greiði þó  
lestagjald ekki oftár en einu sinni í mánuði hverjum.

## 2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl  
1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem  
hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 19. janúar 1951.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*